

Ed.

676. Frumvarp

til laga um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að $\frac{1}{2}$ smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en $\frac{1}{2}$ smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfn-um fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin lögilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlands-siglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fisk-veiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Greinargerð.

Vísast til þingskjals 675.